

Hollvinasamtök Reykjalundar
Ársreikningur
2022

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla stjórnar	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Skýringar	8

Skýrsla stjórnar

Í stjórn árið 2022 voru Bryndís Haraldsdóttir, formaður, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, varaformaður, Sigurbór Charles Guðmundsson, Örn Kjærnested, Haukur F Leósson, Jón Árni Ágústsson, varamaður, Sólrún Björnsdóttir, varamaður.

Hollvinasamtök Reykjalundar hafa það að markmiði sínu að styðja við starfsemi Reykjalundar.

Skráður fjöldi félaga 31. desember 2022 var 317 en 197 höfðu greitt félagsgjaldið sem er kr. 6.000.

Helstu verkefni samtakanna á þessu starfsári voru kaup á tölvu- og hugbúnaði fyrir hjarta- og lungnarannsóknarstofu Reykjalundar ásamt kaupum á fjölþjálfu í tækjasal sjúkraþjálfunar samtals að upphæð kr. 6.129.791 að meðtöldum virðisaukaskatti.

Stjórn samtakanna staðfestir hér með ársreikning samtakanna fyrir árið 2022.

Reykjalundi 24. janúar 2023

Bryndís Haraldsdóttir
Ragnheiður Ríkharðsdóttir
Haukur F. Leósson
Sólrún Björnsdóttir

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Hollvinasamtaka Reykjalundar

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Hollvinasamtaka Reykjalundar („félagið“) fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, upplýsingar um mikilvægar reikningssskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2022 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnarársreikningnum

Stjórn er ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningssskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjalundi, 24 janúar 2023

KPMG ehf.



Rekstrarreikningur 1. janúar 2022 - 31. desember 2022

	Skýr.	2022	2021
Tekjur			
Félagsgjöld	2	1.182.000	1.368.000
Framlög og styrkir	3	2.375.000	4.409.000
		<u>3.557.000</u>	<u>5.777.000</u>
Rekstrargjöld			
Gjafir og styrkir til Reykjalundar	3	4.943.380	3.809.068
Annar kostnaður	4	36.259	370.355
		<u>4.979.639</u>	<u>4.179.423</u>
Rekstrarafgangur		(1.422.639)	1.597.577
Fjármunatekjur			
Fjármunatekjur		12.726	7.001
		<u>12.726</u>	<u>7.001</u>
(Gjöld umfram tekjur) tekjur umfram gjöld	5	<u>(1.409.913)</u>	<u>1.604.578</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr.	2022	2021
Eignir			
Handbært fé		1.952.690	3.362.603
Veltufjármunir samtals		<u>1.952.690</u>	<u>3.362.603</u>
Eignir samtals		<u>1.952.690</u>	<u>3.362.603</u>
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé		1.952.690	3.362.603
Eigið fé samtals	5	<u>1.952.690</u>	<u>3.362.603</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>1.952.690</u>	<u>3.362.603</u>

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum.

Samtökin voru stofnuð 2. nóvember 2013.

2. Félagsgjöld

Félagsgjöld eru færð eftir innborgunum en 197 félagsaðilar greiddu félagsgjöld að upphæð 1.182 þús. á árinu. Ógreidd félagsgjöld þeirra sem skráð hafa sig í samtökin námu 1.54 þús. kr. í árslok 2022 og hafa þau ekki verið færð til tekna. Samkvæmt lögum félagsins skal fella viðkomandi aðila af félagaskrá sé árgjald ekki greitt á tilsettum tíma.

3. Gjafir og framlög

Á reikningsárinu gáfu samtökin Endurhæfingarmiðstöðinni Reykjalundi tvær gjafir að verðmæti 6.129.791 kr. að meðtölum virðisaukaskatti en 4.943.380 að frádregnum endurgreiddum virðisaukaskatti. Á árinu nam framlag frá Oddssjóði 2.100.000 kr. og önnur framlög námu samtals 275.000 kr.

4. Annar kostnaður

Annar kostnaður greinist þannig:	2022	2021
Endurskoðun	0	325.264
Þjónustugjöld banka	36.259	42.004
	<u>36.259</u>	<u>367.268</u>

5. Eigið fé

Breytingar á óráðstöfuðu eigin fé greinast þannig:		
Óráðstafað eigið fé 1.1.	3.362.603	1.758.025
(Gjöld umfram tekjur) tekjur umfram gjöld	(1.409.913)	1.604.578
Óráðstafað eigið fé 31.12.	<u>1.952.690</u>	<u>3.362.603</u>